

Fundargerð 862. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 31. ágúst kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Elsa Hrafnhildur Yeoman í fjarveru S. Björn Blöndal, Páll Marvin Jónsson í símasambandi í fjarveru Aldísar Hafsteinsdóttur og Haraldur Sverrisson í fjarveru Gunnars Einarssonar.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 861. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 861. fundar stjórnar sambandsins frá 29. júní 2018.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1511249SA

Lögð fram fundargerð 45. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 28. júní 2018.

3. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 115. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 13. ágúst 2018.

Jónína Erna Arnardóttir kom inn á fundinn kl. 12:25.

4. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1511036SA

Lögð fram fundargerð 32. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 27. ágúst 2018.

5. Samstarf um málefni utangarðsfólks - 1808009SA

Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 9. ágúst 2018, um samstarf um málefni utangarðsfólks. Fram kom að á vinnufundi með félags- og jafnréttismálaráðherra sem haldinn var 28. ágúst sl. kom fram vilji ráðherra til að skipa starfshóp um málefnið, með aðkomu sveitarfélaga og heilbrigðisráðherra.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur jákvætt í að taka þátt í starfshópi á vegum ríkis og sveitarfélaga, sem ráðherra mun skipa, sem hefur það markmið að reyna að finna leiðir á bráðum húsnæðisvanda utangarðsfólks. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að tilnefna fulltrúa af hálfu sambandsins.

6. Staða kjaramála - 1803041SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 27. ágúst 2018, um stöðu kjaramála í ágúst 2018.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga heimilar að gera sambærilegar leiðréttingar og hafa verið gerðar gagnvart Félagi grunnskólakennara og Félagi leikskólakennara.

7. Drög að stefnumörkun sambandsins 2018-2022 - 1803024SA

Lögð fram drög að stefnumörkun sambandsins 2018-2022 sem verða til umfjöllunar á landsþingi sambandsins 2018.

Stjórn felur sviðsstjórar rekstrar- og útgáfusviðs að lagfæra skjalið m.v. umræður á fundinum og senda drög að stefnumörkun á landsþingsfulltrúa, þar sem rætt verður sérstaklega um hvert markmið fyrir sig.

8. Drög að dagskrá landsþings sambandsins - 1602044SA

Lögð fram lokadrög að dagskrá landsþings sambandsins 2018.

Stjórnin samþykkir framlagða tillögu að dagskrá landsþingsins. Sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs falið að senda dagskrána ásamt fundargögnum til landsþingsfulltrúa og þeirra sem eiga seturétt á landsþinginu með málfrelsi og tillögurétti.

9. Samstarfssamningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um verkefni sveitarfélaga á sviði umhverfismála - 1511062SA

Lagður fram til kynningar samstarfssamningur, dags. 29. júní 2018, milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni sveitarfélaga á sviði umhverfismála.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samningnum.

10. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun á regluverki um neysluvatn - 1806035SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 28. júní 2018, þar sem Sigríður Hjaltadóttir, heilbrigðisfulltrúi Norðurlands vestra, og Þorsteinn Narfason, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, eru tilnefnd í starfshóp um endurskoðun á regluverki um neysluvatn.

11. Tilnefning í starfshóp um stöðu og verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga - 1806017SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 19. júlí 2018, þar sem Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri í Bláskógabyggð, og Jón Björn Hákonarson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, eru tilnefnd í starfshóp um stöðu og verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga.

12. Tilnefning í byggðamálaráð - 1807011SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 19. júlí 2018, þar sem Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, er tilnefndur í byggðamálaráð.

13. Tilnefning í útflutnings- og markaðsráð - 1807018SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til utanríkisráðuneytisins, dags. 9. ágúst 2018, þar sem Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, og Páll Snævar Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, eru tilnefnd í útflutnings- og markaðsráð.

14. Tilnefning í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs - 1808004SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 9. ágúst 2018, þar sem Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, og Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, eru tilnefnd í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

15. Tilnefning í fornminjanefnd - 1701037SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. ágúst 2018, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í fornminjanefnd, í stað Magnúsar Karels Hannessonar sem beðist hefur lausnar, og Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, til vara.

16. Tilnefning í eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga 2018-2022 - 1807014SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 10. ágúst 2018, þar sem Oddur Gunnar Jónsson, skrifstofustjóri, er tilnefndur í eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga 2018-2022.

17. Tilnefning í starfshóp um mótun endanlegra tillagna um endurskoðun ákvæða laga um fjármál sveitarfélaga - 1807015SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 15. ágúst 2018, þar sem Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, eru tilnefnd í starfshóp um mótun endanlegra tillagna um endurskoðun ákvæða laga um fjármál sveitarfélaga.

18. Tilnefning í verkefnastjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna - 1808025SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 28. ágúst 2018, þar sem Helga Guðrún Jónasdóttir, samskiptastjóri sambandsins, er tilnefnd í verkefnastjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

19. Umsögn um tillögu að aðgerðaráætlun um innleiðingu Árósasamningsins 2018-2021 - 1612029SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 9. júlí 2018, um tillögu að aðgerðaráætlun um innleiðingu Árósasamningsins 2018-2021.

20. Umsögn um drög að reglugerð um Þjóðskrá Íslands - 1803033SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 9. júlí 2018, um drög að reglugerð um Þjóðskrá Íslands.

Eiríkur Björn, sem er í stjórn Þjóðskrár, lagði áherslu á að sambandið fái fulltrúa í fagráðinu.

21. Umsögn um frumvarp til nýrra umferðarlaga - 1803003SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 10. ágúst 2018, um frumvarp til nýrra umferðarlaga.

22. Umsögn við drög að reglum um úthlutun styrkja og framlaga sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar - 1808013SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 13. ágúst 2018, við drög að reglum um úthlutun styrkja og framlaga sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar.

23. Umsögn um drög að reglugerð um starfsleyfi vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir - 1711019SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2018, um drög að reglugerð um starfsleyfi vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

24. Umsögn um drög að reglugerð um biðlista og úrræði á biðtíma eftir þjónustu við fatlað fólk - 1711019SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2018, um drög að reglugerð um biðlista og úrræði á biðtíma eftir þjónustu við fatlað fólk.

25. Umsögn um drög að reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir - 1711019SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2018, um drög að reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir.

26. Umsögn um drög að reglugerð um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum - 1711019SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2018, um drög að reglugerð um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum.

27. **Umsöggn um drög að reglugerð um eftirlit vegna þjónustu við fatlað fólk - 1711019SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2018, um drög að reglugerð um eftirlit vegna þjónustu við fatlað fólk.
28. **Umsöggn um drög að reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) - 1711019SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 21. ágúst 2018, um drög að reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).
29. **Umsöggn um drög að reglugerð um starfsleyfi vegna almennrar félagsþjónustu - 1711019SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 21. ágúst 2018, um drög að reglugerð um starfsleyfi vegna almennrar félagsþjónustu.
30. **Umsöggn um drög að endurskoðuðum reglum um aðstoð sveitarfélaga við útlendinga í neyð - 1711019SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 2. júlí 2018, um drög að endurskoðuðum reglum um aðstoð sveitarfélaga við útlendinga í neyð.
31. **Innleiðing persónuverndarlaga í leikskólum. - 1605080SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 24. ágúst 2018, um innleiðingu persónuverndarlaga nr. 90/2018 í leikskólum.
32. **Málþing um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk - 1805021SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og jafnréttismálaráðherra, dags. 20. júlí 2018, um málþing um akstursþjónustu 27. ágúst 2018.
33. **Ályktun Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna - 1808028SA**
Lögð fram til kynningar ályktun 17. þings Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 28. apríl 2018, um starfslok slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Fundi var slitið kl. 13:35

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Páll Marvin Jónsson

Haraldur Sverrisson

framkvæmdastjóri

ritari